

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019050046

30. júní 2019

**Briétartún 6, stæði fyrir pólska sendiráðið**

Lagt er til að tvö bifreiðastæði við sunnanvert Bríetartún næst Rauðarárstíg verði merkt pólska sendiráðinu.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.


Tillagan er tilkomin að beiðni sendiráðsins frá því 14.júní 2019. Ósk sendiráðsins er vegna aukinnar starfssemi og fjölgun diplómata. Sendiráðið er þegar með tvö stæði merkt sér á lóð þórunnartúns 2 þar sem sendiráðið er til húsa. Tillagan er í samræmi við reglur um úthlutun sérmerktra bílastæða fyrir sendiráð sem samþykktar voru á fundi umhverfis- og samgönguráðs 28.júní 2011 og staðfestar af borgaráði 7. júlí 2011.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar



Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Lagt er til að tvö stæði sem merktur er með bláu verði merkt pólska sendiráðinu. ([www.borgarvefsja.is](http://www.borgarvefsja.is), LUKR/Samsýn)



## Reykjavíkurborg

### ENDURSKOÐAÐAR REGLUR UM ÚTHLUTUN SÉRMERKTRA BÍLASTÆÐA FYRIR SENDIRÁÐ

Sendiráð í Reykjavík geta sótt um að fá úthlutað sérmerktum bílastæðum utan eigin lóðarmarka á borgarlandi.

Umsóknir um sérmerkt bílastæði skulu berast skriflega til umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur sem samþykkir eða hafnar umsókninni.

Reykjavíkurborg mun hafa sem viðmiðunarreglu að úthluta hverju sendiráði tveimur sérmerktum bílastæðum þar sem því verður við komið vegna aðstæðna á hverjum stað. Annað af tveimur stæðum má vera við bústað sendiherra, verði því við komið eða við aðrar skrifstofur þeirra.

Sendiráð geta með rökstuðningi óskað eftir fleiri bílastæðum t.d. með tilvísun í fjölda starfsmanna.

Reglur þessar gilda ekki um ræðismannsskrifstofur.

Sérmerktum bílastæðum verður ekki úthlutað innan Miðborgar Reykjavíkur. Á gjaldskyldum svæðum skal greitt gjald fyrir sérmerkt stæði samkvæmt gjaldskrá Bílastæðasjóðs Reykjavíkur.

Úthlutun sérmerktra bílastæða til sendiráða skal endurskoðuð á 5 ára fresti, næst í júní 2016. Endurskoðunin skal einnig ná til þeirra sérmerktu bílastæða sem þegar hefur verið úthlutað til sendiráða í Reykjavík.

Samþykkt á fundi umhverfis- og samgönguráðs þann 28. júní 2011 og staðfest í borgarráði þann 7. júlí 2011

A handwritten signature in black ink.

Ólafur Þjóðólfsson  
samgöngustjóri